

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	ÍSL 103 Kennsluáætlun haustönn 2012	

Kennari	Benedikt Bragason og Kristín Árnadóttir	Sk.st.	BEB, KRÁ
----------------	---	---------------	----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar og ritunar. Megináhersla er lögð á lestur bókmenntatexta bæði í bundnu og óbundnu máli. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök bókmennta- og bragfræði og skoða mun á talmáli og ritmáli. Rifjuð verða upp helstu hugtök og reglur í málfræði og stafsetningu. Nemendur fá auk þess þjálfun í fjölbreyttri ritun, tjáningu og notkun hjálpargagna.

Markmið eru að nemendur:

- lesi og greini bókmenntaverk og ýmsa aðra texta.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir.
- geti beitt hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál.
- þjálfist í að skrifa ýmis konar ritsmíðar.
- geti skrifað skipulega unnar ritsmíðar.
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.
- öðlist sjálftraust til að tala og/eða lesa fyrir framan aðra.

Námsgögn:

Dauði trúðsins: höfundur Árni Þórarinsson

Íslenska eitt, eftir Ragnhildi Richter Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (útg. 2006)

Áætlun um yfirferð:

1. Iota 21.8 - 21.9. (5 vikur) Ritun, málfræði og tjáning

Íslenska eitt bls. 54-78, 109-114, 125-158. Fjallað verður um byggingu texta og ýmis ritunarverkefni lögð fram til þjálfunar. Helstu handbækur verða kynntar og orðabókaverkefni unnið í framhaldinu. Fjallað verður um mun á ritmáli og talmáli og munnlegur flutningur æfður, verkefni sem gildir til einkunnar (10%). Rifjuð upp helstu atriði í málfræði og stafsetningu, verkefni sem gildir til einkunnar (10%). Nemendur hefja lestur bókarinnar *Dauði trúðsins*.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	ÍSL 103 Kennsluáætlun haustönn 2012	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

2. lota 24.9 – 26.10. (5 vikur) Bókmenntir

Íslenska eitt, bls. 9-29, 52-54, 78-93. Farið verður í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á textum. Skáldsagan *Dauði trúðsins* rædd og verkefni (10%) unnin úr henni. Ýmis verkefni verða lögð fram í tengslum við umfjöllun.

3. lota 29.10. - 9.11. (2 vikur) Rökfærsluritgerð

Íslenska eitt, bls. 216-221. Nemendur vinna rökfærsluritgerð sem gildir 10%.

4. lota 12.11. - 30.11. (3 vikur) Ljóð

Íslenska eitt, bls. 30-49, 63-65, 96-108, 119-121, 124. Farið verður ítarlega í myndmál og stílbrögð ljóða og ýmis verkefni unnin í tímum.

Verkefni:

Nemendur vinna margvísleg verkefni og skila þeim ýmist munnlega eða skriflega.

Rökfærsluritgerð skal skila eftir lotu 3.

Samanlagt vægi námsþátta á önn er 40% sem reiknast á móti lokaprófi.

Námsmat og vægi námsþátta:

Munnlegt verkefni 10%

Stafsetning og málfræði 10%

Krossapróf og verkefni úr *Dauða trúðsins* 10%

Rökfærsluritgerð 10%

Lokapróf 60%

Nemendur verða að fá a.m.k. 4,5 á lokaprófi til að verkefni annarinnar fái stæðni.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar!

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils